SKILNAÐARÓSK

til

Cand. Med. & Chirurg.

Herra Gísla Hjálmarssonar

í Kaupmannahöfn

þann 11ta Maji

1844.



Um ögurskorið Ísafrón
sèr andar myrkra bilta,
Svartálfar djúpa elda ón
að efla seyði tryllta,
svo landſars kvilla eitruð ör
að eyðslu þjóðar glæði,
þótt jökulmuggu-flóka för
um freðið geysi svæði.

Út-garða-Loka geðjast vel
að Garðarshólmi spillist,
með sinni bleiku systur Hel
hann sver: að fólkið tryllist!
Þau hata vitsku, ljós og líf,
er lýði mennska styrkja,
hafísa-sudda hvetja kíf
er heillir bygða kirkja.

Örlaga Nornir vaka vel
og veldi myrkra hnekkja,
við Urðar brunna öskujel
ei önd nè sjónir blekkja;
hún efldi fagra læknis list
er lýsir ísa svæði,
svo hljóti víkja hreld og tvist
þau Hel og Loki bæði.

Verandi gaf oss gestinn þann
er græðslu lærði þjóða,
Frónbúa lífgi, lækni hann
og líkn þeim veiti góða,
alþjóðleg heill að eflist brátt
og umbun Gísla færi, —
Alföðurs náð á allann hátt
hans önd og gæfu næri!

F. M.